

Ávarp SSNV apríl 2021

Fundarstjóri, góðir fundargestir.

Ég hugsa að ég sé ekki einn um það að gleðjast, jafnvel undrast, yfir því að myrkrið hörfi svo hratt undan birtunni og við njótum sífellt lengri daga. Það er að koma vor – sumardagurinn fyrsti í næstu viku. Sólin er hátt á lofti og um allt land eru vorverkin hafin.

Og kannski er meiri eftirvænting nú en oft áður því við sjáum fram á að meira en ársferðalagi okkar með veirunni sé að ljúka. Við höfum náð góðum árangri í baráttunni við þessa illskeyttu veiru sem hefur herjað á okkur landsmenn en sú barátta hefur ekki verið án fórna. Faraldurinn hefur verið okkur erfiður, ekki aðeins hefur hann lagst á líkamlega heilsu heldur einnig andlega. Áhrif á efnahag þjóðarinnar eru síðan öllum augljós.

Við erum þó lánsöm Íslendingar að staðan hjá okkur er mun betri en í flestum öðrum löndum þar sem dánartíðni er mun meiri og útbreiðsla veirunnar mikil, jafnvel enn í miklum vexti. Það getum við þakkað markvissum aðgerðum stjórnvalda við að hefta útbreiðsluna og samstöðu um allt land að taka á málum af festu þegar svo hefur borið undir.

Landamærin hafa verið sérstaklega til skoðunar og vonumst við til að þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til þar verji samfélagið okkar. Þetta eru vissulega umdeildar aðgerðir, sumum finnst þær of strangar en ég held að þorri þjóðarinnar hafi skilning á þeim.

En „bráðum kemur betri tíð með blóm í haga, sæta lánga sumardaga“ – sagði Nóbelskáldið okkar og við tókum undir það.

Hægt og rólega er hægt að færa samfélagið í eðlilegt horf og ég hef trú á að ferðaþjónustan nái sér hratt á strik.

Það er vissulega verk að vinna á öllum sviðum – það er ríkisstjórnin meðvituð um og mun halda áfram að grípa til sértækra og almennra ráðstafana til varnar, verndar og viðspyrnu fyrir íslenskt samfélag.

Hlutverk sveitarfélaganna

Sveitarfélögin gegna einnig mikilvægu hlutverki í vörn og viðspyrnu og hafa þau að mörgu leyti staðið sig vel á því sviði.

Í fyrsta lagi var og er mikilvægt að verja grunnþjónustuna á tímum sem þessum og þar reynir á hjá sveitarfélögunum sem halda utan um félagsþjónustuna og velferð barnanna okkar.

Í öðru lagi að tryggja atvinnu og halda uppi atvinnustigi eins og unnt er.

Í þriðja lagi að vinna með stjórnvöldum að samræmdum aðgerðum og tryggja árangur á öllum sviðum, að hefta útbreiðslu veirunnar, að tryggja að samfélagið gangi sinn vana gang og svo framvegis.

Ég er líka ánægður með samstarfið sem við áttum á síðasta ári vegna fjármála sveitarfélaganna. Það ljóst að margvíslegar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa haft verulega jákvæð áhrif á búskap sveitarfélaganna og leiðir til góðrar afkomu síðasta árs, auk þess sem sértæku aðgerðirnar sem við gripum til í tengslum við samkomulag um opinber fjármál höfðu mikla þýðingu. Við náðum t.d. að verja Jöfnunarsjóðinn og tryggja framlög hans.

Ég var að senda bréf til allra sveitarstjórna um vilja minn til áframhaldandi samstarfs á þessu sviði, en til þess að geta svarað lykilsurningum um fjármál sveitarfélaga þurfa þau að veita okkur upplýsingar. Því bið ég ykkur um að sjá til þess að öllum fyrirspurnum minna starfsmanna um þróun fjármálanna verði svarað hratt og vel.

Mín hvatning til sveitarfélaganna á þessu og komandi árum er tvennskonar.

Annars vegar að nýta sér svigrúm til fjárfestinga. Hvort sem það er í nýbyggingum sem hafa samfélagslegt gildi og skapa verðmæti, og viðhald. Sveitarfélögin fjárfestu minna á síðasta ári en þau áætluðu og hafa flest metnaðarfull áform um að gera enn betur á þessu ári. Það er vel.

Hins vegar að styðja við atvinnulífið eins og unnt er, ekki síst ferðaþjónustuna og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.

Raunhækkun fasteignaskatta er ekki leið til að styðja við endurreisn atvinnulífsins, eins og við erum að sjá á milli árána 2020 og 2021. Ég hvet sveitarfélög um allt land eindregið til að nýta sér nýtt úrræði í tekjustofnalögum, sem samþykkt var á Alþingi í lok mars að minni tillögu.

Með lögnum er lögveðsstaða fasteignagjalda árána 2020-2022 lengd úr tveimur árum í fjögur ár auk þess sem sveitarfélögum er veitt heimild til að lækka eða fella niður dráttarvexti á kröfur um fasteignagjöld á húsnæði sem er í atvinnurekstri hjá gjaldendum sem eiga við

verulega rekstrarörðugleika að stríða vegna kórónuveirufaraldursins. Það sama á við um gjaldendur sem leigja húsnæði til rekstraraðila sem sömu skilyrði eiga við.

Er ákvæðunum ætlað að veita sveitarfélögum svigrúm til að beita vægari innheimtuaðgerðum vegna fasteignaskatta.

Ég vek athygli á því að sveitarfélög þurfa sjálf að taka ákvörðun um beitingu slíkra úrræða á grundvelli eigin reglna. Heimildin gæti náð til dráttarvaxta sem þegar hafa fallið til og/eða að semja við gjaldendur um seinkun á innheimtu fasteignagjalda á grundvelli greiðsluáætlana sbr. 12. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda (nr. 150/2019), án þess að dráttarvextir falli á kröfurnar.

Við skulum hjálpa atvinnulífinu að ná vopnum sínum, og skapa þannig traustan grundvöll til atvinnu um allt land.

Kæfum ekki græna sprota vorsins þegar þeir brjótast upp úr moldinni.

Tækifæri um allt

Það eru tækifæri um allt – við þurfum bara að sjá þau og nýta þau.

Það eru tækifæri til að nýta þá frábæru upplýsingatækniinnviði sem við höfum byggt upp um land allt af miklum myndarbrag. Störf án staðsetningar eru nú raunverulegur möguleiki, ekki bara fyrir hið opinbera heldur atvinnulífið í heild sinni. Þau skapa verðmæti, draga úr sóun, t.d. í ferðalög, og þau hámarkar nýtingu mannauðsins.

Sjá sveitarfélögin einhver tækifæri hér? Hvað eruð þið t.d. að gera á ykkar svæði til að skapa umgjörð fyrir þessa – vil ég segja – umbyltingu sem er að hefjast á vinnumarkaði.

Það eru líka fjölmörg tækifæri til nýsköpunar og einföldunar á sviði opinberrar stjórnsýslu.

Sameining sveitarfélaga er í mínum huga ein mikilvægasta aðgerðin í því sambandi, eins og Alþingi hefur ályktað um. Með því móti nýtum við betur fé sem skattborgarar þessa lands hafa veitt okkur umboð til að handleika, og með því móti eflum við sveitarfélögin og gerum þau færari um að sinna sínum verkefnum og skyldum.

Stjórnarfrumvarp um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga er til umræðu í umhverfis- og samgöngunefnd og er nefndin m.a. að skoða málamiðlun sem ég hef sett fram. Ég vænti þess

að meginefni þess haldi sér þó breyting yrði gerð varðandi aðkomu ráðherra, sem fæli þá í sér að það verði alltaf íbúarnir sem eigi síðasta orðið.

Ég er hins vegar ánægður að sjá hve mörg sameiningarverkefni eru í gangi um allt land, m.a. á ykkar svæði.

Öflugur stuðningur Jöfnunarsjóðs er mikill hvati til sameiningar, og þá hefur öll sú umræða sem fram hefur farið um land allt á síðust árum opnað augu manna fyrir tækifærunum sem í því felast að sameina sveitarfélög – hugsa hlutina upp á nýtt. Nýsköpun í norðri er t.d. fyrirmyndarverkefni í því sambandi.

Það eru líka mikil tækfæri hjá ríkinu að endurhugsa sitt stofnanakerfi. Innleiðing stafrænnar tækni á eftir að gjörbylta allri stjórnsýslu á Íslandi. Ég sé fyrir mér að það verði sérstakt áhersluverkefni nýrrar ríkisstjórnar að endurhugsa stofnanakerfi ríkisins með hliðsjón af nýrri tækni – með þjónustu við borgarana og betri nýtingu fjármuna að leiðarljósi.

Rafrænar þinglýsingar eru gott dæmi um byltingu í afgreiðslu mála sem skipta almenning miklu máli, vikulangir afgreiðslufrestir munu heyra sögunni til og ferðir fólks með pappíra á milli staða og landshluta verða söguleg minning.

Það var því ánægjulegt að geta sett markmið á að fyrir árslok verði umgjörð fyrir almennt ökunám orðin stafræn frá upphafi til enda. Markmiðið er að einfalda ökunámsferlið, fækka snertiflötum milli stofnana og bæta til muna þjónustu við nemendur og ökukennara. Gert er ráð fyrir því að annað ökunám og ökunám til aukinna ökuréttinda fylgi síðan í kjölfarið.

Ég hef á mínum tíma sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lagt áherslu á að efla stafræna þjónustu og nýsköpun. Það er tímabært að ökunámið verði markvissara og umhverfisvænna í takt við nútímataækni. Við viljum kveðja prentuðu ökunámsbækurnar, auðvelda fólki að fara í gegnum ökunámið og gera próf rafræn, að undanskildu gamla góða verklega prófinu.

Þannig að tækifærin eru allsstaðar – og þið kæra sveitarstjórnarfólk þurfið ekki að leita langt yfir skammt til að sjá þau – þau eru allt í kringum okkur.

Víðtækt samráð um stefnumörkun ráðuneytisins

Nú stendur yfir víðtækt samráð á vegum ráðuneytisins um allt land um mótun stefnu í málaflokkum ráðuneytisins.

Byggðaáætlun

Mótun nýrrar byggðaáætlunar er komin lengst og geri ég ráð fyrir að kynna tillögu til þingsályktunar þar að lútandi um mánaðamótin maí júní.

Byggðamál eru þverlægur málaflokkur og því er byggðaáætlun gott og mikilvægt tæki til að tengja saman opinberar áætlanir. Ég legg þannig mikla áherslu á að samhæfa byggðaáætlun eins og kostur er við aðrar áætlanir ríkisins sem skipta miklu máli fyrir byggð í landinu. Sem dæmi má nefna heilbrigðismál, menntamál og orkumál. Allt eru þetta stór byggðamál.

Og ekki má gleyma hinum þremur áætlunum sem heyra undir mitt ráðuneyti – samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og áætlun í málefnum sveitarfélaga. Við horfum til allra þessara áætlana nú við endurskoðun byggðaáætlunar.

Byggðaáætlun er ekki stór í fjármagni, samanborið við ýmsar aðrar áætlanir. Þrátt fyrir það – og kannski þess vegna – förum við þá leið að styðja við byggðaaðgerðir sem eru á ábyrgð annarra ráðuneyta. Við reynum þannig og lítum á það sem okkar hlutverk að tryggja byggðavinkilinn.

Fjármagn til byggðamála hefur þó aukist á undanförunum árum og mun ég áfram leggja áherslu á að framlögin aukist enn frekar.

Samgönguáætlun

Mjög vel var mætt af ykkar svæði á fundi ráðuneytisins um mótun nýrrar samgönguáætlunar.

Á fundunum kom t.d. fram mjög sterkt ákall að farið verði áttak í lagningu á bundnu slitlagi á malarvegi (tengivegi).

Ég get upplýst um það að skv. breytingartillögu sem nú stendur til að leggja fram á samgönguáætlun í tengslum við Covid fjárfestingaráttakið er verður framhald á viðbótarframlagi í tengivegi í þrjú ár, 2021-2023. Tillagan meira en tvöfaldar framlög sem áður hafði verið samþykkt í verklíðinn (fer úr um 900 mkr. í 2,4 mia árin 2021 og 2022 og 1,9 mia. 2023).

Þannig má segja að nú sé hafið þjóðaráttak í lagningu á bundnu slitlagi á tengivegi sem standi í það minnsta til ársins 2023.

Þá er áhersla á gangnagerð talsverð. Því er hægt að svara á þann veg að nú sé í vinnslu heildstæð jarðgangaáætlun hjá Vegagerðinni. Þar verður leitast við að bera saman jarðgangakosti á Íslandi til langs tíma.

Fundirnir voru sérlega gagnlegir og von stendur til að með því samtali verði til skýr sýn á stöðu samgöngumála á landinu öllu sem hjálpar okkur í því að marka stefnu til framtíðar.

Fjarskiptaáætlun

Þessa vikuna hafa staðið yfir fundir með landshlutasamtökum um fjarskiptaáætlun til framtíðar.

Ég er mjög ánægður með hvernig til hefur tekist varðandi uppbyggingu ljósleiðarakerfa í dreifbýli um allt land, en Ísland ljóstengt hófst vorið 2016 með fyrstu úthlutun fjarskiptasjóðs á fjármununum ríkisins til sveitarfélaga. Grunnur að þessu landsátaki var lagður með blaðagrein minni í mars 2013 undir yfirskriftinni *Ljós í fjós*.

Í lok þessa mánaðar staðfesti ég síðustu samninga fjarskiptasjóðs við sveitarfélög á grundvelli þessa stóra samvinnuverkefnis heimamanna, sveitarfélaga og ríkisins. Þessi tímamót eru í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og mikilvægur áfangi í þeirri vegferð að nánast öll lögheimili á landinu eigi kost á ljósleiðaratengingu innan fárra ára.

Á árunum 2016-2021 hefur fjarskiptasjóður úthlutað samtals 2.950 m.kr. til verkefnisins. Þá hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið lagt verkefninu til 400 m.kr. á grundvelli sérstakra byggingarsjónarmiða á tímabilinu. Ríkið hefur því samtals lagt til 3.350 m.kr.

Sveitarfélög og eigendur bygginga hafa jafnframt lagt til verulega fjármuni. Allar framkvæmdir eru á ábyrgð sveitarfélaganna sem hafa ýmist kosið að eiga og reka kerfin, leigja út reksturinn eða selja til fjarskiptafyrirtækja.

Margt hefur áunnist á kjörtímabilinu en að mörgu er jafnframt hyggja sem er framundan. Ég finn því til ábyrgðar, bæði gagnvart því hvernig ég skil við málaflokkinn í haust og ekki síður hvað þurfi að gera til þess að tryggja áframhaldandi framþróun og til þess að vinna gegn margvíslegum áskorunum sem varða hvort tveggja kostnað við uppbyggingu nýrra fjarskiptainnviða og ekki síður hlutverkaskiptinu milli markaðsaðila og opinberra aðila til framtíðar.

Í nýlegri grein okkar formanns fjarskiptaráðs „Ísland fulltengt – ljósleiðari og 5G óháð búsetu“ er leitast við að draga fram stóru viðfangsefnið næstu misseri, ár og áratug er varða

ekki síst ljósleiðarauppbyggingu og farsíma/farnetsuppbyggingu, jafnframt því að leggja til hagkvæmar og jafnvel nýstárlegar leiðir við að nálgast hagkvæma uppbyggingu og rekstur slíkra kerfa óháð búsetu. Nýjar áskoranir geta krafist alveg nýrra lausna.

Hvernig tengist þetta brýnni ljósleiðarauppbyggingu í þéttbýli, aukinni farsímaútbreiðslu á vegum og víðar sem og áreiðanleika fjarskiptakerfa gagnvart hamförum eins og óveðrinu í desember 2019 – kann einhver að spyrja?

Svarið er einfalt: Þetta tengist einfaldlega allt. Allar stærri ákvarðanir í þessum efnum þarf að taka helst í réttri röð og í réttu samhengi. Framtíðarsýn um Ísland fulltengt – óháð búsetu (sem snýst að mestu um ljósleiðara og farnet) er sett fram til þess að vísa veginn við það samtal og margvíslega ákvörðunartöku sem óhjákvæmilega er framundan.

Áætlun í málefnum sveitarfélaga

Og að endingu varðandi áætlun í málefnum sveitarfélaganna þá var hún samþykkt af Alþingi fyrir rétt rúmu ári síðan og er ráðuneytið að vinna að framgangi hennar. Meðal annars hefur nefnd um endurskoðun tekjustofna tekið til starfa og þið munið fréttu nánar af því starfi á næstu dögum.

Mér er efst í huga þakklæti fyrir aðkomu ykkar að þessu samráði öllu, kjörnum fulltrúum um allt land og starfsmönnum sveitarfélaga og landhlutasamtaka.

Þetta er lýðræðislegt ferli, ég er mjög ánægður með það og þátttökuna almennt, sem undirbyggir með eins öruggum hætti og hægt er samstöðu um stefnumörkun til framtíðar og einstakar aðgerðir til að ná settum markmiðum.

Staða landsmálanna og kosningar í haust

Ég hóf mál mitt á því að tala um faraldurinn og þau miklu áhrif sem hann hefur haft á líf okkar undanfarið ár og vel það. Áhrifin á efnahaginn eru veruleg og ljóst að næstu kosningar munu snúast um hvaða stefna verður tekin í uppbyggingu og eflingu Íslands. Þar má ekki einblína á efnahaginn þótt hann sé gríðarlega mikilvægur. Lífsgæði felast í svo mörgu og ég held að þegar við lítum til baka á þennan tíma eftir nokkur ár þá muni hann vera mun dramátískari en við þó upplifum í dag. Það er ekkert eðlilegt að heil þjóð, og í raun allur heimurinn, vakni í kvíða og óttist um líf sitt og sinna nánustu. Sá djúpstæði ótti hefur áhrif á okkur öll og mikilvægt að þeir sem eru í forystu landsins vakti og virði andlega og félagslega líðan allra landsmanna. Okkur hefur tekist vel til hingað til - og það hefur tekist vegna

umfangsmikilla samtala og óeigingjarnrar samvinnu. Er ég sérstaklega þakklátur fyrir það góða samstarf sem ég hef átt við sveitarstjórnarfólk um allt land.

Lokaorð

Og af því við erum - og erum ekki stödd - á Norðvesturlandi þá vil ég enda á því að vitna í Klettafjallaskáldið, orð sem ylja mér alltaf um hjartarætur með fagurri hvatningu sinni:

Láttu hug þinn aldrei eldast eða hjartað.

Vinur aftansólar sértu.

Sonur morgunroðans vertu.

Takk fyrir mig.